

BORGARRÁÐ 31. ágúst 2023: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um veikindi nemenda og starfsfólks í grunnskólum – MSS23080125

Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir upplýsingum um hversu mörg mál, tilkynningar og/eða beiðnir um að Reykjavíkurborg standi straum af lækniskostnaði nemenda og starfsmanna skóla sem veikst hafa vegna myglu í skólahúsnæði, hafi borist? Einnig hvort Reykjavíkurborg hafi borist beiðnir um að borgin standi straum af kostnaði vegna vinnutaps sem rekja má til fjarveru starfsfólks vegna myglu.

Greinargerð:

Svæsin mygla hefur grasserað í skólum á vegum Reykjavíkurborgar. Myglu og raka má rekja til vanrækslu á endurbótum fyrri ára. Kennarar og börn hafa mátt glíma við margvíslega heilsubresti vegna myglu og rakaskemmda. Þrátt fyrir að ítrekað hafi úrbóta verið krafist hefur ekki verið nóg að gert og lengi vel var ekkert hlustað á kvartanir. Dæmi eru um að starfsfólk hrökklist úr starfi vegna veikinda sem rakin eru til myglu og raka. Ábyrgðaraðili í málum sem þessum er Reykjavíkurborg sem ber að tryggja heilnæmt skólaumhverfi fyrir börnin og vinnuumhverfi fyrir starfsfólk. Reykjavíkurborg hefur brugðist í þessum efnum, bæði foreldrum, börnum og ekki síst nemendum sem gert er samkvæmt lögum að stunda skóla.